

**477. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 17. maí 2017 og  
hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Jón Hreinsson formaður, Magni Hreinn Jónsson varaformaður, Sigurður Mar Óskarsson aðalmaður og Hildur Elísabet Pétursdóttir varamaður.

**Embættismenn:**

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Torfnes - Nýtt Deiliskipulag - 2017030092**

Lagt fram minnisblað frá Verkís hf. dags. 28.04.2017 í minnisblaði er gerður samanburður á valkostum I og II við Torfnes. Jafnframt eru lagðir fram uppdrættir nr. U24-101 A og U24-102 A og sem sýna staðsetningu mannvirkis út frá valkostum. Einnig lagðar fram ódags. þrívíðar myndir út frá útsýni íbúa við Miðtún, Engjaveg og Seljalandsveg.

*Íþrótt- og Tómstundanefnd tók þátt í umræðum um væntanlegt fjölnotahús við Torfnes en vék af fundi við afgreiðslu.*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að væntanlegt hús komi til með að rísa skv. tillögu nr.1*

**2. Umsókn um byggingarleyfi - Hlíðarvegur 14 - 2017040068**

Guðríður Guðmundsdóttir sækir um byggingaleyfi skv. umsókn dags. 25.04.2017 og uppdrætti frá Tækniþjónustu Vestfjarða dags. 24.04.2017.

Sótt er um leyfi til þess að byggja svalir úr timbri við suðvesturhlið og saga hurðargat í steiptan vegg á sv-hlið.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og vísar byggingarfulltrúi umsókninni til skipulags- og mannvirkjanefndar með vísan í gr. 5.9.1. skipulagsreglugerðar nr.90/2013

*Skipulags- og mannvirkjanefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að grenndarkynna byggingaráformin fyrir eigendum fasteignanna að Hlíðarvegi 12 og Tungötu 9 og 11*

**3. Skútusiglingar ehf. - Umsókn um stöðuleyfi - 2017050043**

Skútusiglingar ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir aðstöðuhús við fjöruna á bakvið Turnhúsið næst Ásgeirsbakka, fylgigögn eru ódagsett umsókn og yfirlitsmynd

með fyrirhugaðri staðsetningu.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir erindið.*

**4. Umsókn um lóð - Rómarstígur 2 - 2017050044**

Eliás Guðmundsson sækir um lóð við Rómarstíg nr. 2, Suðureyri, meðylgjandi er umsókn dags. 24.04.2017.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Eliás Guðmundsson fái lóð við Rómarstíg nr. 2 Suðureyri, skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.*

**5. Umsókn um lóð - Rómarstígur 3 - 2017050045**

Eliás Guðmundsson sækir um lóð við Rómarstíg nr. 3, Suðureyri, meðylgjandi er umsókn dags. 24.04.2017

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Eliás Guðmundsson fái lóð við Rómarstíg nr. 3, Suðureyri, skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.*

**6. Umsókn um lóð - Rómarstígur 4 - 2017050046**

Eliás Guðmundsson sækir um lóð við Rómarstíg nr. 4, Suðureyri, meðylgjandi er umsókn dags. 24.04.2017

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Eliás Guðmundsson fái lóð við Rómarstíg nr. 4, Suðureyri, skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.*

**7. Umsókn um lóð - Rómarstígur 5 - 2017050047**

Eliás Guðmundsson sækir um lóð við Rómarstíg nr. 5, Suðureyri, meðylgjandi er umsókn dags. 24.04.2017.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Eliás Guðmundsson fái lóð við Rómarstíg nr. 5 Suðureyri, skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.*

**8. Umsókn um lóð - Rómarstígur 6 - 2017050048**

Eliás Guðmundsson sækir um lóð við Rómarstíg nr. 6, Suðureyri, meðylgjandi er umsókn dags. 24.04.2017.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Eliás Guðmundsson*

*fái lóð við Rómarstíg nr. 6 Suðureyri, skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.*

**9. Sandasker, Dýrafirði, - Frístundabyggð - 2016100042**

Pálmar Kristmundsson f.h. Valdisól ehf. óskar eftir því við bæjaryfirvöld að fyrirleggjandi samningur um afnot af landi við Sandasker, Dýrafirði, merkt F25 á skipulagsuppdrætti verði vísað til undirritunar.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar erindi til bæjarráðs.*

**10. Þjónustuhús við tjaldsvæðið á Þingeyri - 2017010003**

Byggingarfulltrúi f.h. tæknideildar óskar heimildar bæjaryfirvalda til þess að stofna lóð fyrir aðstöðuhús við tjaldsvæðið á Þingeyri. Meðfylgjandi er hnitsettur uppdráttur frá Tækniþjónustu Vestfjarða dags. 15.05.2015

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærastjórn að heimila að lóð undir þjónustuhús verði stofnuð.*

**11. Þjónustuhús við tjaldsvæðið á Þingeyri - 2017010003**

Byggingarfulltrúi f.h. tæknideildar Ísafjarðarbæjar óskar eftir byggingaleyfi vegna þjónustuhúss við tjaldsvæðið á Þingeyri. Hjalagt er umsókn um byggingarleyfi dags. 15.05.2015, aðaluppdráttur frá Tækniþjónustu Vestfjarða dags. 15.05.2015, ásamt afstöðumynd. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og vísar byggingarfulltrúi umsókninni til skipulags- og mannvirkjanefndar með vísan í gr. 5.9.1. skipulagsreglugerðar nr.90/2013

*Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að ekki þurfi að grenndarkynna byggingaráform þar sem grenndaráhrif eru óveruleg. Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.*

**12. Deiliskipulag - Rauðsstaðir - 2017040056**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingu, um er að ræða greinargerð dags. 12.05.2017 og uppdráttur dags. 12.05.2017, frá Verkís hf. f.h. Vegagerðar, vegna breytinga á deiliskipulagi sem samþykkt var 15. september 2016 í landi Rauðsstaða og Borgar í Borgarfirði sem er innfjörður í Arnarfirði þ.e. efra og neðra svæði.

Breytingin gerir ráð fyrir að skipulagssvæðið stækki með nýju svæði fyrir vinnubúðir, s.k. suðursvæði við Mjólka, og lóð fyrir vinnubúðir á neðra svæði falli út. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir steypustöð færast af neðra svæði yfir á það efra og heimild fyrir oliugeymi á efra svæði skipulagsins. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að heimila nauðsynlega aðstöðu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við jarðgöngin, jafnramt að neikvæð umhverfisáhrif verði í lágmarki.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærastjórn að heimila að greinargerð dags. 12.05.2017 og uppdráttur dags. 12.05.2017 verði auglýst skv.*

*1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010*

**13. Stöðuleyfi fyrir gáma og aðra lausafjármuni - 2016020080**

Sigurður Aðalsteinsson sækir um f.h. Kaldaskers ehf. um endurnýjun á stöðuleyfi vegna aðstöðugáms. Hjálagt er umsókn og afstöðumynd.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir erindið í samráði við hafnarstjóra.*

**14. Dýrafjarðargöng - Stofnun lóðar fyrir vegsvæði - 2017050052**

Vegagerðin óskar eftir því við bæjaryfirvöld að stofnuð verði lóð undir vegsvæði í landi Dranga, Dýrafirði. Meðfylgjandi er undirritaður samningur á milli Vegagerðar og landeigenda dags. 15.05.2017, hnitsettur uppdráttur frá Verkís dags. 03.01.2017

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóðar undir vegsvæði Vegagerðar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00**

---

Sigurður Jón Hreinsson

---

Magni Hreinn Jónsson

---

Sigurður Mar Óskarsson

---

Hildur Elísabet Pétursdóttir

---

Brynjar Þór Jónasson

---

Axel Rodriguez Överby